



30/01 2018

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Margrét Arnarsdóttir, Kristján Helgason, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Hilmar Guðmannson, Hafsteinn Hreiðarsson, Þór Ottesen, Helgi M Ingason, Guðmundur Ævar Guðmundsson og Guðmundur Gunnarsson

Í fjarfundi: Adam Kári Helgason, Begga, Viðar M Þorsteinsson, Svavar Jón Bjarnason og Magni Rafn

Fundur settur 18:10

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin og samþykkt
- 2) Félag fagkvenna að fara um landið með landanum, tillaga um að FÍR styrki félag fagkvenna um 100.000 kr. Tillaga samþykkt af stjórn og trúnaðarráði.
- 3) RSÍ – Ung öryggisviðburður allt að verða klárt, þarf að klára auglýsingar, væri fínt að fá hjálp um 5 leytið.
- 4) RSÍ sambandsstjórnarþing 2-4.mai – Þarf að manna það, 30 sæti sem FÍR á.
- 5) Spurning hvort aðalfundur FÍR verði 11.apríl þarf að athuga hvort salurinn sé laus. Skipulagning fundar – Boggi leggur til að hann verði fundarstjóri, því er mótmælt, og ákveðið að finna þurfi einhvern í það starf.
- 6) Þarf að skipuleggja framboð í stöður innan RSÍ fyrir sambandsstjórnarþingið.
- 7) Umræður um Rafiðnaðarsambandið og hvaða félög eiga að geta gengið inn í RSÍ.
- 8) Almennar umræður um félög sem hafa í gegnum tíðina gengið inn í RSÍ.
- 9) Áhrif FÍR innan RSÍ, eru þau raunveruleg?

RSÍ

Endurskipulagning RSÍ í kjölfar breytinga á húsnaði, tillaga lögð fyrir stjórn og trúnaðarráð FÍR

Samþykkt einróma með 14 atkvæðum en þrír sátu hjá.

Öryggisnefnd RSÍ

Plata sem hrundi á byggingarstað á Hlíðarenda – Verktjóri ábyrgur, ekki unnið rétt.

Öryggislásar RSÍ – Verið að vinna í því í samráði við ráðuneytið að koma á viðurlögum við því að klippa á lás hjá öðrum án heimildar. Helst að gera þetta af hegningarlagaþroti – Ólafur lögfræðingur RSÍ að vinna í málinu.

Á að koma þessu inn sem námsefni í skólana sem fyrst. Hver sér um að kenna? Búa til námsefni?

Áhættumat um efni sem er verið að vinna með – Umræður í öryggisnefnd

Önnur mál

Guðmundur Gunnarsson spyr hver sjái um að borga fyrir gos og annað handa sveinsprófstökum. FÍR mun gera það samþykkt af stjórn.

Þór Ottesen stingur upp á að FÍR styrki ákvæðisvinnustofu til þess að gera heimsíðu ákvæðisvinnustofu meira aðlaðandi og fá þá grafískan hönnuð til verksins, Andra falið að skoða kostnað og annað.



30/01 2018

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Ferð til Noregs þar sem Guðmundur Gunnarsson fór með formanni RSÍ og FÍR – Bæta upplýsingaflæðið, hvers vegna var ferðin farin. Hefði þurft að vera með upplýsingar um það á heimsíðu RSÍ.

Félagsfundur á Ísafirði og taka fund með Orkubúi Vestfjarða.

Haldið námskeið fyrir stjórn FÍR og innan RSÍ í kringum 15.febrúar – Stjórnun á vinnustað og hvernig á að taka á erfiðum málum.

Öryggislásar – Hvern á að hafa samband við? Rafmennt bendir á RSÍ – RSÍ bendir á Rafmennt.

Rafmennt, það er verið að vinna í þeim málum.

Kjaramál – Er verið að bíða eftir Eflingu og VR, svolítill pattstaða. Ekki mikið um að vera í samningaviðræðum

Lífeyrissjóðurinn – almennar umræður

Húsnæðismál – miklar umræður

Kjaramál – Þarf að fara íhuga að koma málum til ríkissáttasemjara og boða verkfall – Þarf að skoða alla hópa – Sumir hópar þurfa kaffitíma og munu ekki fá hann borgaðan ofl.

Vinnuvernd og kaffihlé

Okkur var lofað þjóðfundi á vegum lífeyrissjóðsins – Þarf að fá skýringar hvers vegna það hefur ekki ennþá verið.

Engin virk vinnuvika bara stytting vinnuvikunnar.

Stórhöfði 27 – Framkvæmdir og vitleysan þar.

Fundi slitið 20:36